



SJÓVÁ

## ***Bikarkeppni Sjóvá 2013***

Bikarkeppni einstaklinga í keilu verður haldin í Keiluhöllinni í Egilshöll dagana 11. - 16. nóvember.

Keppnin verður nú haldin með breyttu fyrirkomulagi. Þátttakendur skrá sig í mótið og síðan verður dregið í allar umferðir þar til einn stendur uppi sem sigurvegari í karla- og kvennaflokki. Spiluð verður þriggja leikja sería í hverri umferð og er þáttökugjald kr. 2.500 fyrir hverja umferð.

Olíuburður verður [Kegel High Street 44 fet](#) og verða brautir olíubornar í byrjun hvers dags, en ekki á milli umferða þegar fleiri en ein umferð er spiluð á sama degi.

Skráning í mótið fer fram á [netinu](#) og lýkur sunnudaginn 10. nóvember kl. 22:00.

Niðurröðun í riðla og tímasetningu má sjá á heimasíðu [keiludeildar ÍR](#) þegar skráningu er lokið.

Mótanefnd ÍR.